

Flensborgarskóli
02 352

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Flensborgarskóli

kt. 611175-1919

Hringbraut 10, 220 Hafnarfirði

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Flensborgarskólinn er fjölbrautaskóli sem starfar eftir áfangakerfi. Skólinn á sér langa og merka sögu allt aftur á 19. öld, en frá árinu 1975 hefur hann verið framhaldsskóli. Flensborgarskólinn er með elstu starfandi skólum á Íslandi, en hann hefur tekið margvíslegum breytingum á langri ævi. Hann var upphaflega stofnaður sem barnaskóli árið 1877, en var breytt í "alþýðu-og gagnfræðaskóla" fimm árum síðar eða árið 1882, en við það ártal hefur aldur skólans oftast verið miðaður.

Í dag er Flensborgarskólinn bóknámsskóli sem leggur áherslu á nám til stúdentsprófs af félagsvísinda-, raunvísinda- og viðskipta- og hagfræðibraut, auk opinna námsbrauta þar sem nemendur geta hannað sína eigin námsbraut úr námsframboði skólans. Einnig býður skólinn nám á starfsbraut sem er ætluð nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar og/eða sértækra námsörðugleika.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.269,1 milljónir og afkoma kr. -54,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -13,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 85,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Flensborgarskóla í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Flensborgarskóla fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Erla Ragnarsdóttir,
skólameistari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.215.883.290	1.161.324.714
Seld þjónusta	3	35.357.509	28.991.231
Framlög og ýmsar tekjur	4	10.226.438	8.009.620
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	7.596.191	7.285.719
Tekjur samtals		<u>1.269.063.428</u>	<u>1.205.611.284</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	972.905.129	895.620.471
Annar rekstrarkostnaður	6	342.789.459	333.144.129
Afskriftir	7	7.596.191	7.285.719
Gjöld samtals		<u>1.323.290.779</u>	<u>1.236.050.319</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(54.227.351)	(30.439.035)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(62.519)</u>	<u>(908)</u>
		(62.519)	(908)
Afkoma ársins		<u><u>(54.289.870)</u></u>	<u><u>(30.439.943)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		31.082.037	35.716.725
Farartæki og vélar		1.409.453	1.578.881
Aðrar eignir		1.444.326	1.470.615
Fastafjármunir samtals		<u>33.935.816</u>	<u>38.766.221</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		252.000	50.000
Tengdir aðilar	9	45.598.496	66.106.461
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	2.024.788	1.300.630
Handbært fé	11	3.342.707	21.126.888
Veltufjármunir samtals		<u>51.217.991</u>	<u>88.583.979</u>
Eignir samtals		<u>85.153.807</u>	<u>127.350.200</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		(13.055.675)	41.234.195
Eigið fé samtals		<u>(13.055.675)</u>	<u>41.234.195</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	920.161	640.927
Viðskiptaskuldir		24.198.587	17.896.425
Ýmsar skammtímaskuldir	13	52.330.508	47.022.236
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	20.760.226	20.556.417
Skuldir samtals		<u>98.209.482</u>	<u>86.116.005</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>85.153.807</u>	<u>127.350.200</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(54.289.870)	(30.439.943)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	7.596.191	7.285.719
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(7.596.191)	(7.285.719)
		<u>(54.289.870)</u>	<u>(30.439.943)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(926.158)	550.694
Tengdir aðilar		25.821.413	29.457.781
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		11.610.434	5.679.469
		<u>36.505.689</u>	<u>35.687.944</u>
		<u>(17.784.181)</u>	<u>5.248.001</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(2.765.786)	(8.573.616)
		<u>(2.765.786)</u>	<u>(8.573.616)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	3.273.616
Fjárfestingarframlag		2.765.786	5.300.000
		<u>2.765.786</u>	<u>8.573.616</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(17.784.181)	5.248.001
		<u>21.126.888</u>	<u>15.878.887</u>
		<u>3.342.707</u>	<u>21.126.888</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/ 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2021 2020

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	1.215.883.290	1.161.324.714
Tekjufærsla frestaðra tekna	7.596.191	7.285.719
	<u>1.223.479.481</u>	<u>1.168.610.433</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.134.300.000	0	0	1.134.300.000
Launabætur	5.800.000	0	0	5.800.000
Millifært úr varasjóð	7.600.000	0	0	7.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	68.183.290	0	0	68.183.290
Fjárveiting til tekna	1.215.883.290	0	0	1.215.883.290
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.270.173.160)	0	0	(1.270.173.160)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(54.289.870)	0	0	(54.289.870)

2021 2020

3 Seld þjónusta

Verksala	522.725	699.950
Sala á vöru og þjónustu	8.400.000	8.538.000
Vörusala II	11.730.200	11.982.000
Ýmsar þjónustutekjur	161.895	256.938
Veitinga- og gistipjónusta	14.162.689	7.475.343
Fræðslustarfsemi og fundir	380.000	39.000
	<u>35.357.509</u>	<u>28.991.231</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	1.530.430	1.017.780
Kostnaðarhlutdeild	3.787.613	1.990.919
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	1.975.000	2.760.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	2.631.495	1.981.821
Ýmsar tekjur	301.900	259.100
	<u>10.226.438</u>	<u>8.009.620</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	787.963.618	719.283.375
Orlof, breyting	4.571.374	4.976.494
Launatengd gjöld	176.870.340	165.062.922
Starfsmannakostnaður	3.499.797	6.297.680
	<u>972.905.129</u>	<u>895.620.471</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	82,5	77,0
------------------------------	------	------

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.984.214	2.005.918
Byggingarvörur, aðrar	0	15.004
Ýmis tæki og áhöld	1.014.611	1.072.636
Orkugjafar	10.986.510	10.046.036
Matvæli	13.549.947	7.990.306
Almennar rekstrarvörur	2.607.896	2.656.765
Vörukaup, almenn	30.143.178	23.786.665
Rannsóknarstofuefni	0	4.171
Kennslu- og föndurvörur	1.760.411	983.565
Ýmsar sérgreindar vörur	78.745	47.600
Vörukaup, sérgreind	1.839.156	1.035.336
Fundir, námskeið, risna	1.671.652	602.300
Ferðir, upphald	1.647.879	2.010.104
Akstur	550.964	376.040
Sérfræðiþjónusta	29.172.714	32.535.648
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	233.331	275.421
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.055.793	2.020.266
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	420.347	572.649
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	34.752.680	38.392.428
Samningsbundin kaup og leiga	3.108.300	3.213.340
Afnotagjöld	3.641.554	5.449.688
Leigugjöld	245.476.553	241.194.460
Notkun véla og flutningatækja	819.063	1.217.784
Verkkaup	17.147.131	16.019.759
Kostnaðarhlutdeild	5.556.413	2.361.298
Tryggingar, lögboðnar	8.761	8.195
Opinber gjöld	149.470	143.976
Tilfærslur	147.200	321.200
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	276.054.445	269.929.700
Annar rekstrarkostnaður samtals	342.789.459	333.144.129
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	7.400.474	7.174.336
Farartæki og vélar	169.428	85.094
Aðrar eignir	26.289	26.289
	7.596.191	7.285.719

Skýringar

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2021	31.12.2020
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	31.082.037	35.716.725
Farartæki og vélar	1.409.453	1.578.881
Aðrar eignir	1.444.326	1.470.615
	<u>33.935.816</u>	<u>38.766.221</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	87.710.061	1.694.296	1.650.989	91.055.346
Viðbætur á árinu	2.765.786	0	0	2.765.786
	<u>90.475.847</u>	<u>1.694.296</u>	<u>1.650.989</u>	<u>93.821.132</u>
Afskriftir 01.01.2021	51.993.336	115.415	180.374	52.289.125
Afskrift ársins	7.400.474	169.428	26.289	7.596.191
	<u>59.393.810</u>	<u>284.843</u>	<u>206.663</u>	<u>59.885.316</u>
Staða 31.12.2021	<u>31.082.037</u>	<u>1.409.453</u>	<u>1.444.326</u>	<u>33.935.816</u>

31.12.2021 **31.12.2020**

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	44.148.496	66.106.461
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.450.000	0
	<u>45.598.496</u>	<u>66.106.461</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	920.161	640.927
	<u>920.161</u>	<u>640.927</u>

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	492.510	207.520
Skattar	1.532.278	1.093.110
	<u>2.024.788</u>	<u>1.300.630</u>

11 Handbært fé

Sjóðir	32.550	27.550
Tékkareikningar	3.310.157	21.099.338
	<u>3.342.707</u>	<u>21.126.888</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 3,6 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

12 Eigið fé

	31.12.2021	31.12.2020
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	41.234.195	71.674.138
Afkoma ársins	(54.289.870)	(30.439.943)
Jöfnuður 31.12.	<u>(13.055.675)</u>	<u>41.234.195</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

13 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Ógreitt orlof	47.411.370	42.839.996
Önnur ógreidd gjöld	4.919.138	4.182.240
	<u>52.330.508</u>	<u>47.022.236</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	33.935.816	38.766.221
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(13.175.590)	(18.209.804)
	<u>20.760.226</u>	<u>20.556.417</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	38.766.221	(18.209.804)	20.556.417
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	7.800.000	7.800.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.765.786	(2.765.786)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(7.596.191)	0	(7.596.191)
	<u>33.935.816</u>	<u>(13.175.590)</u>	<u>20.760.226</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 7 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði um óákveðinn tíma, ótímabundna rekstrar- og þjónustusamninga og einnig ótímabundna aðra samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 261,2 milljónum, vegna þjónustu- og rekstrarsamninga kr. 21 milljón og vegna annarra samninga 24,8 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.